

En skömmu seinna kemur hann heim og segir mömmu sinni, niðurlútur og rjóður, að dóna-strákur einn hafi hlegið að honum og í háði kallað til hans: „Svei, nú ertu orðinn kirkjulímur!“

Mamma hans tók þá bíblíuna, fletti henni upp og las fyrir hann, hvað Páll postuli segir um, að hann fyrirverði sig ekki fyrir fagnaðarerindi Jesú Krista (Róm. 1, 16).

Þá lítur Ólafur upp á mömmu sína og segir: „Ó, mamma! Mér þykir svo fyrir, að eg skyldi fyrirverða mig. Eg skal reyna að vera hugaður eins og Páll og þora ófeiminn að játa eins og hann, að eg sé kristinn.“

Um kvöldið, áður en Ólafur hártaði, kraup mamma hans niður til bænar við hliðina á honum, og bað góðan guð að leiðbeina drengnum hennar og styrkja hann, svo hann verði nógur sterkur, til þess að játa með djörfung trúna á drottin hans og frelsara Jesúm Krist, hvað mikil gys sem gert verði að honum fyrir það.

RÆÐAN HANS ÁRNA LITLA.

(Þýtt.)

Árni hafði verið í kirkju á sunnudaginn. Mánudaginn hugsaði hann sér, að hann skyldi sjálfur hafa messu. Systur sínar fjórar fær hann til þess að vera söfnuðurinn. Svo stígur hann upp á stól og fer að taða og talar hátt. Þetta er partur af ræðunni, sem hann flutti:

Efni ræðu minnar er: *Gegndu henni mömmu!* — Það er með tvemnu móti að þið eigið að gegna henni til alls, sem hún biður ykkur.

Fyrst er það, að þið eigið að gegna henni *undir eins*. Þegar hún segir: „*Maria, gerðu svo vel og sektu handa mér við eða vatn*“ eða — „*Hlauptu í búð fyrir mig!*“ — þá áttu ekki að svara: „Já, mamma míð, eftir *cina mínutu*“. Ein mínutá er svo löng hjá krökkum, miklu lengri en mínutá klukkunnar. Um leið og þið segið já með vörumum, eigið þið að segja já með höndunum og fótunum. Þið eigið ekki að *segja „já“*, og *gera* svo „nei“. Að segja: „Já, eftir *cina mínutu*!“ er ekki að gegna, heldur það að *gera „já“*.

Þá er það næst, að þið eigið að gegna *fúslega*. Setjið ekki upp ólund, þegar hún biður ykkur að hætta að lesa. Og farið ekki að væla, þegar hún bannar ykkur að leika ykkur. Þið vilduð hreint ekki eiga hund, sem ekki gegndi ykkur öðru vísi